

## AUGLÝSING

### (IX) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 641 frá 8. júlí 2016 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2016/2017 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

#### Táknafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 641/2016 gilda um úthlutun byggðakvóta Táknafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, *eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga*, við lok umsóknarfrests.
- b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í *sveitarfélaginu* 1. júlí 2016.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *á þann veg að: 10% skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi. 45% skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa sínum afla fiskveiðiaríð 2015/2016 í Táknafirði og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 45% skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.*
- d) *Skip með frístundaveiðileyfi fá aðeins úthlutað úr 10% hlutanum.*
- e) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta í Táknafjarðarhöfn til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu, á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. maí 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Hinrik Greipsson.*